

Nd.

224. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir sent háskólaráðinu frumvarpið til athugunar og fengið svör frá háskólaráði og guðfræði-, laga- og heimspekideild. Er þar lagt »eindregið á móti því, að frumvarpið nái fram að ganga, hvort heldur er í heild sinni eða í einstökum atriðum«. Nefndin hefir ekki getað fallist á ástæður háskólaráðsins í öllum greinum og leggur til, að frumvarpið sje samþykkt með nokkrum breytingum.

Nefndin sjer ekki ástæðu til að sameina laga- og heimspekideild, enda ljét flutningsmaður þess getið, að sjer væri ekki fast í hendi með þá breytingu, og fellst á ummæli heimspekideildar um þetta atriði, »að námsgreinar deildanna eru svo sundurleitar, sem framast má verða, að kenslukraftar annarar deildarinnar myndu jafnan geta borið hina ofurliði (3:2), að þótt deildirnar yrðu sameinaðar, myndi ekki sparast við það eyrisvirði, en deildirnar eru hvor um sig ályktunarfærar í öllum málum, þótt eigi sjeu í þeim nema tveir kennarar, með því að atkvæði deildarforseta ræður úrslitum allra mála, ef jöfn eru atkvæði (sbr. 11. gr. háskólareglugerðar), og hlutkesti getur ráðið kosningu deildarforseta, ef samkomulag fæst ekki«.

Nefndin fellst á, að biskupi sje falin kensla við guðfræðideild, enda eru slík sambönd milli kirkju og guðfræðideildar engin einsdæmi. Kenningafrelsi deildarinnar er þar með í enga hættu stefnt og ekki heldur kirkjunni, þó biskup leggi stund á guðfræðileg vísindi. Mætti heldur hvoru um sig gagn af verða, deildinni að nánara sambandi við kirkjuna og kirkjunni að nánara sambandi við vísindi. Hitt getur nefndin aftur ekki fallist á, að biskup komi í stað prófessors, enda ætlast nefndin ekki til, að hann hafi meira en hálfu kenslu á við aðra fasta kennara. Guðfræðideild yrði og afskipt móts við lögfræðideild, ef í henni væri ekki nema einn prófessor. Biskup yrði því kennari við deildina, en með prófessorsrjettindum, þar sem ekki þykir hlýða, að hann sje óæðri að tign öðrum kennurum. Breyting þessi rýrir ekki biskupsembættið, en er í þágu þess, þar sem biskup fær aukna þekking og áhrif á prestsefni. Guðfræðideild virðist af svari sínu til nefndarinnar ekki vera frábitin slíkri breytingu, ef prófessorsembættin haldast óbreytt, en biskup komi í stað dósentis. Alþingi hefir dregið margvisleg störf undan biskupi og ekki ástæðulaust að bæta það einhverju. — Meðundirritaður Magnús Jónsson er þó mótfallion ákvæðum frumvarpsins og breytingar-tillögu nefndarinnar um þetta.

Nefndin getur eftir áttvikum fallist á þá breytingu frumvarpsins, að laga-deild sje svift einum prófessor. Deildin hefir frá upphafi haft einum prófess-

or fleira en lækna- og guðfræðideild. Hinsvegar þykir rjett, að fastráðinn sje í lagadeild aukakennari, svo ekki þurfi að auka starf hinna tveggja prófessora, er eftir verða, að mun, enda myndi aukakenslan veita góðan undirbúning nndir prófessorsstarf. Í Reykjavík er nægur kostur góðra lögfræðinga, er ætla má að myndi vera ljúft að taka að sjer nokkra kenslu við háskólann. Meðundirritaður Magnús Jónsson er einnig mótfallinn ákvæðum frumvarpsins og breytingartillögu nefndarinnar í þessu efni.

Í frv. er svo ákveðið, að einn skuli vera prófessor og einn dósent í íslenskrí málfræði og sagnfræði. Vilja tveir nefndarmenn (J. K., Sigurj. J.) fylgja frumvarpinu í þessu, en hinir þrír halda tveim prófessorum í íslenskum fræðum. Komin er fram tillaga frá fjárveitinganefnd, sem ætla má að nái fram að ganga, um að kennarinn »i sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju« falli niður af fjárlögum, og getur þá ekki talist sómasamlegt að skerða frekar kenslu í íslenskum fræðum. Íslensk fræði eru sú fræðigrein við háskólann, sem sist má vanrækja. Í þeim fræðum verðum vjer að standa á sporði öðrum þjóðum, enda líklegast, að þjóð vorri auðnist helst að leggja nokkurn skerf til vísindanna á því sviði. Nefndin vill því auka íslensk fræði með því móti, að forstöðumenn landsbókasafns, þjóðskjalasafns og þjóðmenjasafns verði samkvæmt embættisstöðu sinni kennarar í deildinni. Gæti það orðið til gagns fyrir hvorttveggja starf forstöðumannanna. Um þetta atriði er nefndin sammála.

Þá er ákvæði frumvarpsins um, að lög nr. 25, 2. nóv. 1914, um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands, falli úr gildi. Nefndin getur fallist á það, þó með skírskotun til þess ákvæðis 6. gr., að fækkunin komi til framkvæmda þegar embættið losnar. Hún telur ekki nauðsyn á kennarastóli í klassiskum fræðum og sje hægt að fullnægja þörfum íslenskra fræða og guðfræðideildar í þessu efni með öðru móti. Hinsvegar situr nú í þessu embætti ágætur maður, sem að vísu gæti unnið margt á öðrum sviðum til þjóðþrifa, en nefndinni þætti þó of hart að gengið að fara þess á leit við hann, að hann taki við öðru embætti, þar sem hann er nú kominn yfir sextugsaldur, enda mun það ekki hafa verið tilætlun flutningsmanns.

Í frumvarpinu er og ætlast til, að niður falli lög nr. 35, 26. okt. 1917, um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við háskóla Íslands, enda flytji stjórnin hann í annað embætti. Um þennan kennarastól er nokkuð öðru máli að gegna en um kennarann í klassiskum fræðum, þar sem hann er bundinn við nafn dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar. Nefndin telur núverandi starf dr. phil. G. F. ekki eins nauðsynlegt og margt annað, er hann gæti unnið fyrir ríkið öðrum betur. Telur hún dr. phil. G. F. enga minkun gerða, heldur heiður, að þess sje farið á leit við hann, að hann taki að sjer annað starf jafnvirðulegt og kauphátt þegar vól verður á. Mætti til nefna forstöðumannsstarf við landsbókasafn. Dr. phil. G. F. er mjög bókfróður maður og í tölu bestu rithöfunda þjóðarinnar, og væri því vel farið, að hann tæki við einhverjum þeim störfum, er nær standa bókmentum en þau, er hann nú gegnir. Nefndin gerir sjer þó fyllilega ljóst, að slíkt getur ekki orðið nema með samkomulagi við dr. phil. G. F.

Kennarastólarnir í klassiskum fræðum og hagnýtri sálarfræði hafa verið

mikið umræðnefni Alþingis á seinni árum, og telur nefndin, að þeirri deilu verði best lokið með því að binda kennarastólinn í klassískum fræðum við aldur núverandi kennara og fela hæstv. stjórn að ná samkomulagi við kennarann í hagnýtri sálarfræði um að flytjast í annað embætti þegar kostur gefst. Væri vel farið, að þessi mál fengju nú fullnaðarafgreiðslu. Meðundirritaður Bernharð Stefánsson lætur þess getið, að hann fellst þó ekki á þá meginreglu, að ríkinu sje skylt að sjá embættismönnum fyrir jafngildu embætti, þótt embætti þeirra sje lagt niður.

Nefndin vill svo að lokum geta þess, að Alþingi verður enginn sómi að þessum breytingum nema gætt sje um leið alls sparnaðar á þeim sviðum, er minna snerta íslenska menning. En þegar svo er komið hag ríkissjóðs, sem nú er, þarf nokkuð að spara í öllum greinum. Þess vegna leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM :

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Á eftir »dósentar og aukakennarar« í síðari málsg. komi: en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.
4. Við 4. gr.
 - a) Í stað »auk biskups 1 prófessor og 1 dósent« komi: auk biskups 2 prófessorar.
 - b) Í stað »Í laga- og heimspekideildinni« í þriðju málsg. komi: Í lagadeild.
 - c) Á eftir »2 prófessorar í lögfræði« í sömu málsg. komi: og 1 aukakennari.
 - d) Á undan »1 prófessor í heimspeki« í sömu málsg. komi, enda byrji þar ný málsgrein: Í heimspekideild eru.
 - e) Í staðinn fyrir »1 prófessor og 1 dósent í íslenskri málfræði og sagnfræði« í sömu málsg. komi: 2 prófessorar í íslenskri málfræði, bókmenta-sögu og sagnfræði.
 - f) Við sömu málsg. bætist nýr málslíður: Forstöðumenn þjóðskjalasafns, þjóðmenjasafns og landsbókasafns eru samkvæmt embættisstöðu sinni aukakennarar í íslenskum fræðum.
5. Við 5. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo: jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda eru úr gildi numin.

Alþingi, 24. mars 1924.

Ásgeir Ásgeirsson,
skrifari og frsm.

Jón Kjartansson.

Bernharð Stefánsson.

Sigurjón Jónsson.

Undirritaður getur ekki fallist á það, að háskólinn sje svo minkaður, sem hjer er ráð fyrir gert, og að minsta kosti ekki svo, að hann verði liðfærri og veikari en í npphafi. En hann hefir fylgst með í starfi nefndarinnar til þess að vera ekki áhrifalans nm það, hvernig samfærslunni væri hagað, ef til hennar ætti að koma.

Magnús Jónsson.
formaður.